

## **Samgöngubætur og byggðapróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga.**

Erindi á ráðstefnu um rannsóknir Vegagerðarinnar á Hilton Reykjavík Nordica hóteli  
6. nóvember 2009

Kjartan Ólafsson, lektor  
Þóroddur Bjarnason, prófessor  
Háskólanum á Akureyri

### **Um verkefnið**

Þegar Héðinsfjarðargöngin verða tekin í notkun sumarið 2010 mun vegalengdin milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar stytta verulega. Markmið þessa verkefnis er að leggja heildstætt mat á stöðu samfélagsins á næsta áhrifasvæði ganganna og þær breytingar sem þar verða eftir opnun þeirra. Jafnframt er verkefninu ætlað að leggja grunn að mati á langtímaáhrifum ganganna og nýtast við mat á samfélagsáhrifum vegaframkvæmda á landinu almennt.

Í mati á samfélagsáhrifum Héðinsfjarðarganga frá árinu 2001 eru færð fyrir því rök að göngin muni styrkja Eyjafjarðarsvæðið sem vaxtarsvæði og sem mótvægi gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Með göngunum verði til samfellt atvinnusvæði sem nái frá Akureyri til Siglufjarðar með ríflega 20 þúsund íbúum. Það geti meðal annars leitt til fjölbreyttari starfa og minna atvinnuleysis, hærri launa, lægra vöruverðs og fjölbreyttari verslunar og þjónustu, auk þess sem margvísleg ný tækifæri skapist í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Ólafsfjörður og Siglufjörður hafa þegar verið sameinaðir í sveitarfélagið Fjallabyggð og munu áhrif þeirra sameiningar væntanlega koma fram þegar göngin verða opnuð. Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir því að göngin muni hafa margvísleg áhrif á samfélag, menningu og lífsstíl á norðanverðum Tröllaskaga.

Rannsóknin skiptist í fimm meginhluta sem tengjast saman með heildstæðri aðferðafræði við greiningu fyrirliggjandi gagna sem og frumgagnaöflun með spurningalistum, viðtölum og vettvangsathugunum. Í fyrsta lagi verða samgöngumynstur á svæðinu skoðuð með margvíslegum hætti. Í öðru lagi verður búseta, búsetuáform og búsetuþróun kortlögð. Í þriðja lagi verður litið til efnahagsgerðar samfélagsins með áherslu á atvinnu, húsnæði, verslun og þjónustu. Í fjórða lagi verða metnar breytingar á opinberri þjónustu, sérstaklega í skólamállum, heilbrigðisþjónustu, löggæslu og félagsþjónustu. Í fimmta lagi verður

félagslegur auður samfélaganna metinn með áherslu á félagslega þátttöku, samskipti og traust.

## Rannsóknarhópur

Verkefnið er unnið í samvinnu fjölmargra fræðimanna sem tengjast Háskólanum á Akureyri auk nemenda í Þjóðfélagsfræði og Samfélags- og hagpróunarfræði. Þeir sem unnið hafa að rannsókninni á árinu 2008 eru:

Þóroddur Bjarnason, félagsfræðingur (verkefnisstjóri)

Hjalti Jóhannesson, landfræðingur

Vífill Karlsson, hagfræðingur

Þóra Kristín Þórsdóttir, aðferðafræðingur

Grétar Þór Eyþórsson, stjórnmálafræðingur

Sonja Stelly Gústafsdóttir, Iðjupjálfi og Lýðheilsufræðingur

Kolbeinn Stefánsson, félagsfræðingur

Edward H. Huijbens, landfræðingur

Kjartan Ólafsson, félagsfræðingur

Jón Þorvaldur Heiðarsson, hagfræðingur

## Umferðarkönnun sumarið 2008

Í erindinu verður auk þess að greina almennt frá rannsókninni sagt frá helstu niðurstöðum umferðarkönnunar sem framkvæmd var samtímis á Siglufjarðarvegi (við Ketilás) og á Ólafsfjarðarvegi 2. og 4. júlí 2009. Markmið könnunarinnar var að safna upplýsingum um umferðarstrauma á tröllaskaga að sumarlagi. Framkvæmdin var sambærileg við kannanir sem Vegagerðin hefur gert á undanförunum árum en þó frábrugðin að því leyti að kannað var samtímis á tveimur stöðum. Á könnunarstöðunum tveimur voru samtals skráðar 2.664 ferðir 1.879 ökutækja (785 ökutæki komu við sögu oftast en einu sinni).

Meðal niðurstaðna má nefna að 35% vegfarenda á leið til Ólafsfjarðar voru búsettir þar meðan 22% vegfarenda á leið til Siglufjarðar voru búsettir þar. Höfuðborgarbúar voru 22% vegfarenda á leið til Ólafsfjarðar en 34% þeirra sem voru á leið til Siglufjarðar.

## Aðrir hlutar rannsóknarinnar

Fyrstu niðurstöður úr einstökum hlutum rannsóknarinnar liggja fyrir og í ritinu Rannsóknir í félagsvísindum X er að finna greinar um Lýðfræði fjallabyggðar 1928-2008, um sveitarfélagið Fjallabyggð og áhrif Héðinsfjarðarganga og um mun á skráðri og raunverulegri búsetu í Fjallabyggð. Safnrit þar sem verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum er svo væntanlegt í byrjun ársins 2009. Þar verður almenn lýsing á samgöngumynstrinu á svæðinu, sagt frá búsetu og búsetuþróun, efnahagslífi, stjórnsýslu og opinberri þjónustu, samfélaginu í fjallabyggð og leitast við að meta almennt stöðu og horfur samfélagsins.